

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Frístundamiðstöðin Kampur

Starfsáætlun 2015-2016



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Yfirlit yfir starfsstaði Kamps	4
Hlutverk/leiðarljós/gildi Kamps.....	5
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	5
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun.....	6
Fjöldatölur Kamps	7
Stefnukort skóla- og frístundasviðs	8
STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR 2015-2016.....	9
Jafnréttisáætlun frístundamiðstöðvarinnar Kamps	16
Menningarstefna Kamps	17

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir leiðarljósum sviðsins sem eru: Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Frístundamiðstöðin Kampur hefur staðið fyrir frítímastarfi barna og unglinga í miðborg og Hlíðum frá 1. apríl 2007. Undir Kamp heyra þrjár félagsmiðstöðvar fyrir 10 – 16 ára unglinga: Gleðibankinn í Hlíðaskóla, 100 og 1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Kampur rekur þrjú frístundaheimili fyrir 6 – 9 ára, það eru Eldflaugin í Hlíðaskóla, Halastjarnan í Háteigsskóla og Draumaland í Austurbæjarskóla. Kampur tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum í hverfinu í samvinnu við skólana, Íþróttafélagið Val og Þjónustumiðstöð miðborgar og hlíða. Einnig má þess geta að frístundamiðstöðin Kampur er þekkingarmiðstöð SFS í frítíma og fjölmenningu. Í Kampi eru starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn, bæði er varðar nám, reynslu og þjóðerni.


Starfsáætlanir frístundamiðstöðvanna 2015-2016 eru unnar út frá stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2015, stefnukorti SFS og Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2015). Í starfsáætlun skóla og frístundasviðs er lögð áhersla á fimm umbótaþætti fyrir árið 2015-2016. Þeir eru:

- Málþroski, læsi og lesskilningur
- Verk, tækni og listnám
- Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi
- Fjölmennung
- Gæði og fagmennska

Starfsáætlunin er unnin með hliðsjón af þessum umbótaþáttum og verkefni þeim tengd eru merkt sérstaklega í kaflanum stefnuþættir, markmið og leiðir. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2015 og gildir til 31. ágúst 2016.

Helstu áherslur í starfi frístundamiðstöðvarinnar Kamps 2015-2016 eru lýðræði, fjölmennung, læsi, gæði og fagmennska. Í starfsáætluninni er gerð grein fyrir helstu verkefnum en markmið, nánari útfærslur, ábyrgð og tímaramma er að finna í vinnuskjölum.

Yfirlit yfir starfsstaði Kamps



Hlutverk/leiðarljós/gildi Kamps

Frístundamiðstöðin Kampur hefur eftirfarandi gildi að leiðarljósi í sínu starfi; Umburðarlyndi – Fjölbreytileika – Sköpunarkraft – Metnað. Gildi grundvallast í öllum þáttum starfseminnar hvort heldur sem er í vinnu með börnum og unglingum, í þeim verkefnum sem við vinnum að eða starfsmannastefnu okkar. Í Kampi er lögð áhersla á að allir eru velkomnir og sem flestir geti fundið sér viðfangsefni við hæfi. Við gerð starfsáætlunar 2015 – 2016 er sérstaklega lögð áhersla á fjóra þætti í umbótarmarkmiðum SFS, Lýðræði – Fjölmennning – Læsi – Gæði og fagsmennska. Gildi Kamps eru grundvölluð í þeim verkefnum sem við vinnum að og var ákveðið að sjá hvernig gildi Kamps væri að finna í þeim umbótarþáttum sem lögð er sérstök áhersla á í ár. Hér að neðan má sjá hvernig við þörum gildum Kamps og umbótarþáttunum SFS saman.

Lýðræði Umburðarlyndi	Fjölmennning Fjölbreytileiki	Læsi Sköpunarkraftur	Gæði og fagsmennska Metnaður
Staðalímyndir	Upplýsingagjöf	Samstarf	Vinnusemi
Fyrirmyndir	Móttaka	Fjölmiðlun	Ástríða
Fræðsla	Viðhorf	Virkni	Framþróun

Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári (1. sept. 2014 – 31. ágúst 2015)

Haustönnin 2014 var undirlögð af flutningum hjá frístundamiðstöðinni Kampi, þar sem við misstum aðstöðu okkar að Pósthússtræti 3-5 með stuttum fyrirvara. Frístundamiðstöðin var tímabundin til húsa í Borgartúni en fékk síðan frábæra aðstöðu í þverholti 14. Vorönnin fór í að gera húsnæðið starfhæft en um sumarið var loks opnað fyrir starfsemi fyrir börn og unglinga. Húsnæðismál voru enn og aftur í kastljósinu hjá okkur, Kampi var falið umsjón með Spennistöðinni – félags- og menningarmiðstöð við Austurbæjarskóla sem var formlega opnuð í lok árs. Starfseiningar Kamps hafa sýnt með eindæmum mikla þolinmæði og verið lausnarmiðuð í sinni vinnu að láta húsnæðisskort ganga upp við erfiðar aðstæður. Starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva Kamps blómstraði líkt og áður. Ný verkefni voru hrind í framkvæmd og fengu frábærar undirtektir. Verkefni á borð við Feministafélag félagsmiðstöðvarinnar 105, sem fékk þ.á.m Hvatningarverðlaun SFS 2015 og Ritsmiðja frístundaheimilanna sem endaði með útgáfu bókarinnar „Eitthvað illt á leiðinni er“ sem fékk frábærar undirtektir. Kampur hlaut Hvatningarverðlaun 2015, annars vegar verkefnið Ævintýraspilið í Eldflauginni og Jafnréttishópurinn í 105. Kampur ákvað að standa að sínum eigin Hvatningarverðlaunum Kamps þar sem starfsmenn sendu inn tilnefningar fyrir framúrskarandi verkefni annars vegar og starfsmaður ársins hins vegar. Hátíðin var einstaklega vel heppnuð og verður árleg héðan í frá.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun

Staða barna/unglinga í hverfinu

Í hverfi miðborgar og hlíða eru starfræktir þrír opinberir grunnskólar og einn einkarekinn. Samsetning íbúa í hverfinu er fjölbreytt bæði hvað varðar efnahag, uppruna og aldur. Á undanförunum árum hefur sérstaklega verið fylgst með líðan og högum barna og unglunga í kjölfar efnahagsþrenginga. Hvað varðar líðan barna á frístundaheimilum þá sýna viðhorfsskannanir foreldra að börnunum líður almennt vel á frístundaheimilum og um 98% foreldra eru ánægðir með frístundaheimilin sem er ánægjuleg þróun. Kannanir Rannsókn og greiningar sem gerðar eru meðal unglunga á aldrinum 10 – 16 ára sýna að líðan unglunga hefur lítið breyst en áhættuhegðun unglunga á aldrinum 13 – 16 hefur farið almennt minnkandi síðasta áratug. Hins vegar er alltaf ákveðin hópur unglunga, sem oft er árgangaskipt, sem sýna áhættuhegðun og neyslu. Almennt hafa starfsmenn félagsmiðstöðva tekið eftir aukinni neyslu kannabisefna og hefur neyslan náð neðar í aldri. Á síðasta starfsári varð aukning á tilkynningum til Barnaverndar vegna áhættuhegðunar unglunga og er það almennt áhyggjuefni.

Frístundamiðstöðin Kampur kom að tilraunaverkefni í samstarfi við ÍTR, SFS, Velferðarsvið og síðar Vinnuskóla Reykjavíkur vegna hópasöfnunar unglunga og ungmenna við Hitt húsið í miðborginni. Þetta tilraunaverkefni á vorönn 2015 og sumarvinnuhópur 2015 gaf mjög góða raun og erum við vongóð um að það geti hugsanlega verið liður í enn frekara samstarf.

Innra mat frístundamiðstöðvarinnar

Í starfsáætlungerða fyrir starfsárið 2014 – 2015 voru fjölmörg verkefni sett í framkvæmd, sum þeirra lauk á vorönn, önnur halda áfram og sum flytjast yfir á starfsárið 2015-2016. Við mat á helstu starfsþáttum var rýnt í nokkra þætti annars vegar á barnasviði og hins vegar á unglingasviði. Meðal þeirra þátta sem metnir voru á barnasviði var skráning og þátttaka, stuðning, forvarnir, starfsandinn, lista- og menningarþátttaka, foreldrasamstarf og fræðsluþörf. Við mat var sérstaklega farið yfir skráningu, viðhorfsskönnun, greiningar en að þeirri vinnu komu starfsmenn frístundaheimila sem og forstöðumenn. Niðurstöður af þessu innra mati leiddu í ljós að helstu styrkleikar okkar liggja í mannauðinum, þekkingu starfsmanna á barnasáttmála SP, öflugt þróunarstarf sem og öflugt lista- og menningarstarf. Áskoranir eru allra helst í barnafjöld pr. starfsmann, miklu álagi og lítill tími til undirbúnings. Í unglingastarfinu var sérstaklega skoðuð foreldraánægja, þátttaka eftir árgöngum, þátttaka unglunga með annað móðurmál en íslensku og meðal drengja sem eru félagslega einangraðir. Mati fór fram í gegnum skráningu þátttöku og sociagram krotlagningu. Að matinu stóð forstöðumenn og almennir starfsmenn.


Á vorönn 2015 fóru stjórnendur í greiningarvinnu með starfsfólki frístundaheimila, þar sem greindar voru helstu styrkleikar og veikleikar í þeim áhersluþáttum sem sett eru fram í starfsáætlun SFS fyrir 2016-2016. Unnin var þarfagreining á fræðslu, álag í starfi skilgreint og lögð drög að umbótaáætlun. Kallað var eftir sem fjölbreyttum verkefnum frá starfsfólki og reynt skapa vettvang fyrir fagumræðu og þróun á verkefnum. Umbótaætlun er fimm atriði sem stjórnendur vilja veita sérstaka eftirfylgni fyrir

starfsárið 2015-16. En það er átak gegn álagi, vinna með viðhorf, tækniöldin, öryggisverferlar og forvarnarfulltrúi á frístundaheimili. Á unglingasviði er lagt upp með að greina þátttöku eftir móðurmáli, draga úr álagi í starfi með forgangsroðun verkefna, vera með foreldraviðtöl, efla nemendaráð og vinna með markvissari hætti að miðstigsráði í félagsmiðstöð.

Fjöldatölur Kamps

	Raun 2012	Raun 2013	Raun 2014	Áætlun 2015
Starfsmannamál				
Fjöldi starfsmanna (meðaltal)	76	72,2	66,87	71,83
Fjöldi stöðugilda (1.okt)		37	37,33	39,77
Fjöldi starfsmanna (1.okt)	72	76	72	78
- Karlar	30	40	29	29
- Konur	42	35	43	49
Útivist / Hverfastarf???				
Skráð aðsókn á sumardaginn fyrsta				
Frístundaheimili 6-9 ára				
Fjöldi barna á frístundaheimilum, haust (1. okt.)	375	403	442	466
Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (samþykkt)	31	34	34	
Fjöldi skráninga í sumarstarf f. 6-9 ára	558	722	800	
- Stelpur	310	299	311	
- Strákar	248	423	489	
Félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára				
Heildarþátttaka yfir árið	1634	2193	3239	
- Stelpur	617	558	1492	
- Strákar	835	310	1747	
- Þar af yfir sumarið	182	248	458	
Félagsmiðstöðvar 13-16 ára				
Heimsóknir unglunga í félagsmiðstöðvar	14556	14065	14000	
- Stelpur	6919	7206	6599	
- Strákar	6968	6859	7401	
Þar af í sumaropnun	669	677	1290	
Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna (þar af í Reykjavíkurráði)	12	10 (2)	10	
- Stelpur		8	7	
- Strákar		2	3	
Fjöldi unglunga í félagsmiðstöðvarhópum og Vinnuskóla.	13		25	
- Stelpur	7		15	
- Strákar	6		10	

Stefnukort skóla- og frístundasviðs



STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR 2015-2016

BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN

Sameiginlegar leiðir

Barnastarf

Unglingastarf

Annað, t.d. starf fyrir
fatlaða eða útivist



UMBÓTAÞÆTTIR SFS 2015-2016 eru stjörnumerktir

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Sterk
sjálfsmynd
og félagsfærni

**Sterk sjálfsmynd,
samkennd og
samskiptafærni.**

- Verkefni: Gaman saman
- Tímaáætlun: 2015 -2016
- Ábyrgðarmaður: Deildastjóri barna starfs og deildastjóri unglingastarfs í samstarfi við þjónustumiðstöð
- *Verkefni: Vináttuþjálfun
- Tímaáætlun: Október – Desember 2015
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður 105

**Jöfn tækifæri þar
sem hugað er að
velferð allra.**

- Verkefni: Kortlagning á börnum með annað móðurmál en íslensku, greint eftir móðurmáli og fæðingarlandi. Eftirfylgni um þátttöku í frístundaheimili og stuðningur.
- Tímaáætlun: Haust 2015
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumenn Kamps, forvarnarfulltrúi frístundaheimila, deildastjóri barnasviðs og verkefnastjóri í fjölmenningu í Kampi.
- *Verkefni: Fjölmennningarleg félagsmiðstöð
- Tímaáætlun: September 2015 – Janúar 2016
- Ábyrgðarmaður: Deildastjóri og forstöðumenn félagsmiðstöðva
- *Verkefni: Tímstundamenntun unglunga með annað móðurmál en íslensku
- Tímaáætlun: Veturinn 2015 – 2016
- Ábyrgðarmaður: Framkvæmdarstjóri

Öryggi,
heilbrigði,
vellíðan
og gleði

**Öruggt umhverfi
þar sem unnið er
markvisst gegn
áhættu hegðun.**

- Verkefni: Forvarnarfulltrúi frístundaheimila Kamps
- Tímaáætlun: haust 2015
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumenn Kamps og deildastjóri barnasviðs í samstarfi við þjónustumiðstöð miðborg og hlíða.

STEFNUÞÁTTUR

Víðtæk
þekking,
færni og
árangur

MARKMIÐ

LEIÐIR

Aukin gæði í öllu starfi í þeim tilgangi að efla þekkingu, færni og árangur.

- *Verkefni: Miðstigsráð í samstarfi við skóla og Samfok
- Tímaáætlun: Október 2016 – maí 2016
- Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður 105

Læsi í víðum skilningi, gagnrýnin hugsun og samræða.

- *Verkefni: Brúin
- Tímaáætlun: Haust 2015
- Ábyrgðaraðili: Framkvæmdarstjóri
- Verkefni: Ritsmiðja fyrir börn með annað móðurmál en íslensku
- Tímaáætlun: Haust 2015
- Ábyrgðarmaður: Deildastjóri barnasviðs í samstarfi við Markús Má Efrím
- *Verkefni: Media-nefnd
- Tímaáætlun: Október 2015 – maí 2016
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður 105

Færni í tölvu- og upplýsingatækni og nýsköpun.

- Verkefni: Kampur TV
- Tímaáætlun: Veturinn 2015 – 2016
- Ábyrgðarmenn: Forstöðumenn Kamps
- *Verkefni: Sjónvarp Kamps
- Tímaáætlun: September – Desember 2015
- Ábyrgðarmaður: Deildastjóri unglingsviðs og forstöðumenn félagsmiðstöðva

Víðtæk
þekking,
færni og
árangur
(frh.)

Aukin þekking á listum og menningu og færni til sköpunar.

- *Verkefni: Lista-hópur
- Tímaáætlun: Október 2015 - mars 2016
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður 100og1
- *Verkefni: Rokkhundabúðir
- Tímaáætlun: 20. september til 1. október 2015
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður 105

Aukin umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni.

- Verkefni: Átak í endurvinnslu og stigin Græn skref
- Tímaáætlun: veturinn 2015 – 2016
- Ábyrgð: Stjórnendur Kamps

STEFNUÞÁTTUR

Samfélagsleg
ábyrgð,
virkni
og víðsýni

MARKMIÐ

**Aukin þekking á
grunn­gildum
samfélagsins og
mannréttindum.**

LEIÐIR

- Verkefni: Allir velkomnir – fána og tákn
- Tímaáætlun: Veturinn 2015 – 2016
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumenn Kamps og deildarstjóri barnastarfs
- *Verkefni: Jafningjafræðsla í félagsmiðstöðvum
- Tímaáætlun: Nóvember 2015 – maí 2015
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður 100og1

**Samfélagsleg
ábyrgð og
lýðræðisleg
þátttaka.**

- Verkefni: Fjölskyldusmiðja
- Tímaáætlun: 19.september, 17.október og 14.nóvember 2015
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumenn Kamps, deildastjóri og starfsfólk frístundaheimila.
- *Verkefni: Stórfundur unglunga með skóla
- Tímaáætlun: Október 2015-maí 2016
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður Gleðibankinn
- *Verkefni: Málefni mánaðarins
- Tímaáætlun: Allt árið
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður 100og1
- *Verkefni: Stórfundur allra nemendaráða félagsmiðstöðva Kamps
- Tímaáætlun: September – Október 2015
- Ábyrgðarmaður: Allir forstöðumenn félagsmiðstöðva

VERKLAG

Sameiginlegar leiðir

Barnastarf

Unglingastarf

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Nám og
starf án
aðgreiningar,
við hæfi
hvers og eins

**Koma til móts við
ólíkar þarfir með
fjölbreyttum
aðferðum og
viðfangsefnum.**

- *Verkefni: Myndabók fyrir börn með annað móðurmál en íslensku
- Tímaáætlun: haustönn 2015
- Ábyrgðarmaður: Aleksandra Chlipala
- Verkefni: Handbók fyrir sjálfsstyrkingu
- Tímaáætlun: Veturinn 2015-2016
- Ábyrgðarmaður: Aðstoðar forstöðumaður Eldflaugin
- Verkefni: Snillingar
- Tímaáætlun: Veturinn 2015-2106
- Ábyrgðarmaður: Aðstoðar forstöðumaður Eldflaugin

Samstarf
byggt á
lýðræði og
fjölbreytni

**Öll börn,
nemendur og
ungmennir séu
virkir
þátttakendur í
lýðræðislegu
samstarfi.**

- Verkefni: Ungmennahús
- Tímaáætlun: Haust 2015
- Ábyrgðarmaður: Hrefna Þórarinsdóttir

**Foreldrar séu
virkir
þátttakendur,
ábyrgir og
upplýstir
samstarfsaðilar.**

- Verkefni: Foreldraráð frístundaheimila Kamps
- Tímaáætlun: 21.september 2015 – 11.janúar 2016
- Ábyrgðarmaður: Deildastjóri barnastarfs

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Flæði
á milli
skólastiga,
námsgreina
og skóla-
og frístunda-
starfs

Starfsstaðir þróaðir til að auka samstarf, sveigjanleika, flæði og samfellu í skóla- og frístundastarfi.

- Verkefni: Skilafundur í 4 til 5 bekk
- Tímaáætlun: Vor 2016
- Ábyrgðarmaður: Deildastjóri barnastarfs og deildstjóri unglingasviðs
- Verkefni: Frístundabréið
- Tímaáætlun: 2.september – 16.desember 2015
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður Gleðibankans

Umbætur,
mat og
nýbreytni

Ytra og innra mat á starfsemi sem nýtt er til umbóta.

- *Verkefni: Markviss skráning og greining á innri starfsemi félagsmiðstöðva
- Tímaáætlun: September 2015 – maí 2016
- Ábyrgðarmaður: Allir forstöðumenn

Umbætur,
mat og
nýbreytni
(frh.)

Stöðugt sé fylgst með stefnum og straumum um uppeldis- mennta- og tómstundamál og áhersla lögð á þróun og nýbreytni.

- Verkefni: Rannsóknir og greinar í frítímaþjónustu
- Tímaáætlun: 2015-2016
- Ábyrgðarmaður: Deildastjóri barnastarfs, deildastjóri unglingastarfs og framkvæmdarstjóri

Mannauður

Sameiginlegar leiðir

Barnastarf

Unglingastarf

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Fagleg
forysta

Framsækin stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið eru skýr.

- Verkefni: Öryggi í starfi
- Tímaáætlun: 2015-16
- Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri barnastarf, forstöðumenn og öryggisfulltrúar.

Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur.

- Verkefni: Húsfundir
- Tímaáætlun: 2015 – 2016
- Ábyrgðaraðili: Framkvæmdarstjóri

Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.

- Verkefni: Upplýsingapóstur
- Tímaáætlun: 2015-2016
- Ábyrgðarmaður: Framkvæmdarstjóri

Heilsuefandi og öruggt starfsumhverfi.

- Verkefni: Jakkafata jóga
- Tímaáætlun: Veturinn 2015-2016
- Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarfs og framkvæmdarstjóri
- Verkefni: Átak gegn álagi
- Tímaáætlun: Veturinn 2015-2016
- Ábyrgðarmaður: Forstöðumenn Kamps og deildarstjóri

Lærdóms-
samfélag
sem byggir á
þverfaglegu
samstarfi

Markvisst samstarf og virkt þekkingarflæði er innan og á milli starfsstaða.

- Verkefni: Fjölmenningslæsi
- Tímaáætlun: Hausti 2015
- Ábyrgðarmaður: Aleksandra Chlipala

Auðlindir

Sameiginlegar leiðir

Barnastarf

Unglingastarf

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Hagkvæm
nýting
fjármagns

**Útgjöld allra
stofnana séu
innan fjárheimilda
miðað við þá
þjónustu sem veita á.**

- Verkefni: Skýrari nýting á styrkjum
- Tímaáætlun: Vor 2016
- Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri

**Stöðug rýning
tækifæra til
endurskipulagningar.**

- Verkefni: Handbók fyrir starfsmenn
- Tímaáætlun: Hausti 2015
- Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri
- Verkefni: Handbók um vinnustund
- Tímaáætlun: Hausti 2015
- Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri

Skilvirk
upplýsinga-
tækni

**Virk stefna í
upplýsinga- og
samskiptatækni.**

- Verkefni: Spjaldtölvur fyrir barnastarfið
- Tímaáætlun: Hausti 2015
- Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri

Jafnréttisáætlun frístundamiðstöðvarinnar Kamps

Megin markmið jafnréttisáætlunar er að gera allar starfstöðvar Kamps að eftirsóknaverðum og lýðræðislegum vinnustað þar sem stjórnendur og aðrir starfsmenn koma þar að. Stjórnendur og starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar bera sameiginlega ábyrgð á að jafnrétti sé framfylgt hvarvetna og ekki sé brotið í bága við jafnréttislög. Jafnréttisáætlunin er leiðarljós starfsmanna og er ætlað að auka skilning milli starfsmanna og vinnuveitanda. Með jafnréttisáætlun uppfyllir Kampur skyldu sína skv. jafnréttislögum nr. 10/2008 og styrkir þannig traust, samvinnu og metnað meðal starfsmanna og barna í frístundastarfi. Í Kampi var stofnuð Jafnréttisnefnd en hún skipar tveir fulltrúar frá skrifstofu Kamps og tveir jafnréttisfulltrúar tilnefndir af starfsmönnum frístundaheimila og einn af starfsmönnum félagsmiðstöðva. Megin hlutverk nefndarinnar er að gæta þess að jafnréttisáætlun sé fylgt eftir og stuðla að frekari innleiðingu jafnréttisverkefna á starfsstöðum Kamps. Nefndin fundar þrisvar sinnum á ári; september, janúar og í maí. Í Jafnréttisáætluninni er lögð áhersla á að vinna að launajafnrétti kynjanna, að vinnuaðstæður skuli tak mið af þörfum kynjanna, að mismuna ekki fólki eftir kynferði við úthlutun verkefna á vegum starfsstöðva og að allir njóta jöfn tækifæri við starfsþróun. Lögð er áhersla að koma á mótis við samræmingu starfs og einkalífs þar sem lögð er áhersla á þ.á.m að báðir foreldrar hafi svigrúm til að vera heima vegna veikinda barna. Einelti og kynferðislegt áreiti er sérstaklega til umfjöllunar og lögð áhersla á verkferla og fræðslu til starfsmanna. Hlutverk Jafnréttisnefndar Kamps er að koma með ábendingar og tillögur að því hvað betur má fara til framkvæmdarstjóra. Ný nefnd er kosin árlega.

Menningarstefna Kamps

Einn af grunnþáttum þess að getað boðið upp á fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni í starfi með börnum og unglingum er að nýta hæfileika og áhugasvið starfsfólks. Að skapaður sé vettvangur fyrir starfsfólk þar sem þau geti nýtt sín áhugamál, kunnáttu og reynslu í skapandi starfi með börnum og unglingum. Í starfsmannastefnu Kamps er lögð sérstök áhersla á að ráðningarferli sé spurt um áhugamál og þekkingu umsækjandans og hann beðin um að koma með tillögur að viðfangsefni sem myndi nýtast í frístundastarfi.

Það frelsi sem býðst í frístundastarfinu gefur endalausa möguleika. Mikilvægt er að leggja áherslu á að hafa fjölbreyttan mannauð til að mismunandi hæfileikar og áhugamál starfsfólks nýtist sem best í frítímastarfi með börnum og unglingum. Í leik fær sköpunargleði barna að njóta sín þar sem auðvelt er að örva ímyndunaraflíð. Í fagstarfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva þarf sköpun að hafa sinn sess í dagskrá með formlegum og óformlegum hætti, hvort heldur í hópastarfi eða í einstaklingsviðfangsefnum. Hlutverk stjórnenda er skapa umhverfi og veita hvatningu til sköpunar í frístundastarfinu. Leiðbeinandinn er fyrirmyndin sem hvetur börnin til þátttöku. Hefur trú á getu þeirra til að skapa og veitir þeim verkfæri, leiðsögn og hvatningu til framkvæmdar. Við sköpun er lagður mikilvægur grunnur að sjálfspekkingu og tækifæri fyrir börn að þroska hæfileika sína, finna þeim farveg og styrkja sjálfstraustið.

Í starfsáætlun eiga að vera verkefni sem snúa að listuppeldi og virkja börn og unglinga til þátttöku í lista- og menningarlífi Reykjavíkur. Listsköpun þeirra sé sett fram og sýnd á virðulegum vettvangi og umgjörðin unnin af gæðum og metnaði. Verkefnin gerð sýnileg og athygli vakin á menningarframlagi barna og unglinga.

F.h. Kamps
Dagbjört Ásbjörnsdóttir,
framkvæmdarstjóri